

**Málefni: Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur – Kynningarfundur fyrir almenning**Fundarstaður: **Ráðhús Ölfuss, Þorlákshöfn**

Fundartími: 30. júní 2003, kl. 20:00-22:00.

Fundarmenn:	Valtýr Þórisson, Vegagerðin	(VÞ)
	Jón Valgeir Sveinsson, Vegagerðin	(JVS)
	Svanur G. Bjarnason, Vegagerðin	(SGB)
	Erlingur Freyr Jensson, Vegagerðin	(EFJ)
	Þóroddur F. Þóroddsson, Skipulagsstofnun	(ÞFP)
	Hafsteinn Helgason, Línuhönnun	(HH)
	Sigurjón Páll Ísaksson, Línuhönnun	(SPÍ)
	6 almennir fundargestir.	

Fyrst skoðuðu fundargestir kynningarspjöld sem hengd höfðu verið upp, og eintök af matsskýrslu og viðaukum sem lágu frammi. Síðan var gengið til dagskrár.

- Kynning:** VÞ setti fundinn, bauð gesti velkomna og reifaði málið í stórum dráttum.
- Matsferlið:** ÞFP hélt síðan stutt erindi þar sem rakið var hvernig matsferlið gengur fyrir sig og hvernig almenningur og umsagnaraðilar geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri.
- Niðurstöður matsskýrslu:** HH rakti síðan innihald matsskýrslunnar í meginráttum, og kynnti helstu niðurstöður mats á umhverfisáhrifum.

- Fyrirspurnir:** Að loknu erindi HH var fyrirspurnum svarað.

Andrés Arnalds, Landgræðslunni: Andrés lagði áherslu á að vel yrði staðið að uppgræðslu í sambandi við vegaframkvæmdirnar, bæði hvað varðar aðferðir og val á frætegundum. Í því sambandi lagði hann áherslu á þrennt:

a) Í Krýsuvík er Hafnarfjarðarbær með beitarhólf fyrir sauðfé, sem vegurinn fer í gegnum. Landgræðslan vill stefna að því að allt sauðfé á Reykjaneskaga verði í beitarhólfum, þ.á m. fé Grindvíkinga. Andrés óskar eftir nánú samráði við Landgræðsluna til þess að lágmarka girðingar meðfram vegum, og einnig gæti þurft göng undir veginn milli hólfa.

b) Á Vogsóssvæði er þörf fyrir beitarhólf og girðingar.

c) Á milli Þorlákshafnar og Selvogs er óhemju sandur sem erfitt er að eiga við því að hann fýkur fram og til baka. Andrés telur að endurskoða þurfi uppgræðsluáætlanir þar og vinna með svæðið í heild sinni. Einnig væri rétt að taka væna skorpu við sáningu á meðan landgræðsluflugvélin er tiltæk, en erfitt er að sá í þetta svæði nema með flugvél.

Loks spurði Andrés hvort ástæða væri til að hafa þriggja akreina kafla með vissu millibili til þess að auðvelda framúrakstur. VÞ taldi að umferð yrði ekki það mikil að þörf yrði á því.

Hannes Sigurðsson, Hrauni í Ölfusi: Hannes spurði um breidd vegarins og hvaða breytingar yrðu á umferð með tilkomu hans. Vegurinn verður mjórri en Hellisheiðarvegur en svipaður og Þingvallavegur. Umferðarspá miðar við stöðuna 10 árum eftir að vegurinn er tilbúinn, og má t.d. búast við að hluti af umferð um Hellisheiði færist yfir á Suðurstrandarveg.

Sigurður Jónsson, byggingarfulltrúi: Sigurður spurði hvort uppgræðslan yrði hluti af kostnaði við veginn; gert er ráð fyrir því. Einnig spurði hann hvort hálfka gæti myndast á veginum vegna særöks, t.d. í grennd við Vogsóss. Svarað var að ekki væri talin hætta á því, og er þá miðað við reynslu af veginum við Óseyrarbrú. Loks var spurt um kostnað við veginn og hvað hægt væri að gera fyrir 1.500 Mkr. Sú upphæð er þrefalt hærri en kostnaður við Gjábakkaveg.

- Fundarlok:** Að lokum var boðið upp á kaffi og gafst fundargestum þá kostur á að ræða um einstök atriði málsins.

Dreifing: Vegagerðin, til frekari dreifingar

**Málefni: Mat á umhverfisáhrifum Suðurstrandarvegur – Kynningarfundur fyrir almenning**Fundarstaður: **Grunnskóli Grindavíkur**

Fundartími: 1. júlí 2003, kl. 17:00-19:30.

Fundarmenn: Valtýr Þórisson, Vegagerðin (VP)  
 Jón Valgeir Sveinsson, Vegagerðin (JVS)  
 Þóroddur F. Þóroddsson, Skipulagsstofnun (ÞFP)  
 Hafsteinn Helgason, Línuhönnun (HH)  
 Sigurjón Páll Ísaksson, Línuhönnun (SPÍ)  
 10 almennir fundargestir.

Fyrst skoðuðu fundargestir kynningarspjöld sem hengd höfðu verið upp, og eintök af matsskýrslu og viðaukum sem lágu frammi. Síðan var gengið til dagskrár.

- 1. Kynning:** VP setti fundinn, bauð gesti velkomna og reifaði málið í stórum dráttum.
- 2. Matsferlið:** ÞFP hélt síðan stutt erindi þar sem rakið var hvernig matsferlið gengur fyrir sig og hvernig almenningur og umsagnaraðilar geta komið sjónarmiðum sínum á framfæri.
- 3. Niðurstöður matsskýrslu:** HH rakti síðan innihald matsskýrslunnar í meginráttum, og kynnti helstu niðurstöður mats á umhverfisáhrifum.

- 4. Fyrirs purnir:** Að loknu erindi HH var fyrirspurnum svarað. Fyrirspurnir komu fram sem almennar umræður, og eru þær því flokkaðar eftir efnisatriðum en ekki spyrjendum.

Upphaf matsferlis: Spurt var hvenær matsskýrslan verði auglýst. VP gerir ráð fyrir að hún verði auglýst í byrjun ágúst. Fram kom ósk um að málinu verði hraðað.

Kostnaður og áfangaskipting: Fjárveiting til verksins nemur 700 Mkr. sem er tæpur helmingur heildarkostnaðar. Óvíst er um frekari fjárveitingar. Á næsta ári er áætlað að vinna kaflann frá Hrauni að Ísólfskála, og frá Herdísarvík að Þorlákshöfn.

Fjöldi náma: Spurt var hvers vegna námur væru svo margar. JVS sagði að ýmsar ástæður væru fyrir því. Í fyrsta lagi akstursvegalengdir, í öðru lagi mismunandi efnisgerðir sem þörf væri fyrir, og í þriðja lagi hefðu námur ekki enn verið rannsakaðar til hlítar og ekki víst að hægt sé að nota þær. Þess vegna sé mikilvægt að hafa fleiri námur tiltækar.

Námuvegur við Geitahlíð: Heimamenn upplýstu að „námuvegur“ við Geitahlíð hefði verið lagður fyrir allmörgum árum vegna girðingar sem áætlað var að leggja, en framkvæmdin var stöðvuð af stjórn Reykjanesfólkvangs.

Náma í Leirdal við Ísólfskála: Spurt var hvers vegna hætt hefði verið við að fjarlægja slóð að námu í Leirdal þegar efnisvinnslu lýkur. Svarað var að það væri ósk landeigenda. Fram kom að slóðir þýði meiri umferð á viðkvæmu svæði. Heimamenn upplýstu að framkvæmdanefnd Reykjavegar hefði óskað eftir að reisa hús í Leirdal og nota túnið þar sem tjaldstæði, en ekki hefði náðst samkomulag við landeigendur. Efni úr Leirdalsnámu er áætlað í efri burðarlög.

Gaujahelli: Spurt var um vegarstæðið við Gaujahelli hjá Grindavík. JVS sagði að enn sem komið er hefði vegarstæðið aðeins verið sett út í stórum dráttum, og því væri hægt að hnika því til við fullnaðarhönnun. Vegurinn verður norðan hellisins til þess að fólk úr Grindavík komist í hellinn án þess að fara yfir veginn.

Umferð við Grindavík: Á næsta ári er fyrirhugað að vinna kaflann frá Hrauni að Ísólfskála, en fresta kaflanum frá Grindavíkurvegi að Hrauni, sem áætlað er að kosti 110 Mkr. Heimamenn lögðu áherslu á að þessi kafla komi með fyrsta mögulega hætti, því að búast megi við aukinni umferð strax. Umferðin mun fara um Austurvegin í Grindavík, niður hjá Íþróttavellinum, sem skapar hættu og ónæði. Íbúar sem næst búa hafa mótmælt aukinni umferð. Rætt var um að Vegagerðin hafi samráð við sveitarfélagið um það hvaða aðferðum verði beitt þegar umferð

fer að aukast. Með tilkomu Bláalónsvegar og lagfæringum á Krýsuvíkurvegi í fyrra, hefur umferð við Grindavík aukist umtalsvert.

Hringtorg við Grindavík: Spurt var um væntanlegt hringtorg á vegamótum Suðurstrandarvegar og Grindavíkurvegar. JVS sagði að hringtorgið yrði af hefðbundinni gerð, þar sem miðjunni er lyft upp. Sagði hann að hringtorg væru talin öruggari ef ökumenn sjá ekki í gegnum þau.

Breidd vegarins: Spurt var um breidd vegarins, og hvort hún verði næg til að tryggja öryggi hjólréiðafólks. JVS og VÞ sögðu að þó að vegurinn verði 1 m mjórri en Grindavíkurvegur, þá komi á móti að klæðningin nái alveg út á axlir. Breiddin er miðuð við mikla þungaumferð og rútbíla. Reynt verður að beina hjólréiðamönnum inn á gamla veginn.

Hraunsnáma: Spurt var hvað verður um Hraunsnámu, sem vegurinn mun liggja um. JVS sagði að á næstunni yrði rætt við námueigendur og reynt að taka tillit til sjónarmiða þeirra, en það er ekki hluti af mati á umhverfisáhrifum. Hraunsnáma er ein af lyklnámum í verkinu.

Náma við Melhól á Hópsheiði: Spurt var um þessa námu. Hún er ætluð fyrir fyrsta veghluta frá Grindavíkurvegi að Hrauni. Náman er í eigu Járngerðarstaða og fleiri aðila og er á skipulagsupprætti. Verktakafyrirtækið Litlafell er með námuna á leigu.

Vegarstæði við Grindavík: Spurt var hvort til greina kæmi að færa vegarstæðið norðar við Grindavík. Ólafur Örn Ólafsson bæjarstjóri sagði að bæjarstjórn Grindavíkur hefði óskað eftir því að vegurinn lægi nálægt bænum, annars hefði legið beint við að leggja hann frá Bláalónsvegi að Ísólfsskála. Með Suðurstrandarvegi er ætlunin að reyna að laða umferð að bænum.

Viðhald á gamla veginum: Í ljósi þess að sveitarfélögin eiga að yfirtaka gamla veginn, var spurt hvað búast megi við miklum viðhaldskostnaði. JVS sagði að á undanförunum árum hefði Vegagerðin varið samtals um 130 Mkr. til lagfæringar á veginum, en eftir að nýi vegurinn verður tekinn í notkun ætti ekki að þurfa að gera meira en að heflla gamla veginn.

- 5. Fundarlok:** Að lokum var boðið upp á kaffi og gafst fundargestum þá kostur á að ræða um einstök atriði málsins. Fram komu áhyggjur af utanvegaakstri sem erfitt er að fylgjast með. Voru þar einkum tilgreind torfærumótorhjól, sem eru raunar bönnuð nema á afmörkuðum svæðum. Erfitt er að hindra utanvegaakstur á þessu svæði nema með öflugum eftirliti.

Dreifing: Vegagerðin, til frekari dreifingar